

Nd.

643. Breytingartillaga

[201. mál]

við frv. til l. um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr. skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni og reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur og setji á stofn sóttvarnarstöð í sambandi við búíð. Þar skulu viðhafðar fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir í öllum greinum. Skal rekstri búsins og einangrun að öllu leyti hagað svo sem fyrir er mælt í 4.—10. gr. laganna.

Á meðan ríkið hefur ekki reist sérstaka sóttvarnarstöð, skal sóttvarnarstöð sú, er hér greinir, taka að sér hlutverk hennar samkvæmt samningi við ríkisstjórnina.